



## Krabbameinsfélagið

Sveitarstjóri Múlapings  
Björn Ingimarsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 29. nóvember 2022

### Efni: Ósk um samstarf við framkvæmd á Styrkleikunum á Egilsstöðum

Krabbameinsfélag Íslands hefur gengið til liðs við „Global Relay for Life“, samtök í eigu ameríska krabbameinsfélagsins, til þess að geta haldið viðburðinn „Relay for Life“ hér á landi. Viðburðurinn hefur fengið íslenska nafnið Styrkleikarnir en það er táknrænt fyrir þann styrk sem við getum veitt hvert öðru á krefjandi tímum. Í samvinnu við Krabbameinsfélögin á Austurlandi og Austfjörðum óskar Krabbameinsfélagið eftir að halda Styrkleikana á Egilsstöðum 2. - 3. september 2023.

Styrkleikarnir eru sólarhringsviðburður sem er táknrænt fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini. Sá sem tekst á við krabbamein gerir það allan sólarhringinn.

Viðburðurinn er opinn öllum sem vilja sýna stuðning í verki og þátttaka er ókeypis. Fjölskyldur, fyrirtæki, félagasamtök eða aðrir skrá sig sem lið og vinna saman að því að hafa liðsfélaga á hreyfingu með boðhlaupskefli allan sólarhringinn. Styrkleikarnir snúast um samstöðu, samveru og samtakamátt liðanna í að styðja, heiðra eða minnast einstaklinga sem hafa fengið krabbamein. Styrkleikarnir eru þegar haldnir í yfir 30 löndum og í um 4500 bæjarfélögum um allan heim til þess að safna fé til krabbameinsrannsókna og til þess að veita fólki með krabbamein og aðstandendum þess ráðgjöf og þjónustu. Viðburðurinn er alltaf skipulagður í nærsamfélagi og undirbúinn og framkvæmdur að langmestu leyti af sjálfboðaliðum.

Að koma slíkum sólarhringsviðburði í framkvæmd krefst m.a. góðrar aðstöðu, aðgengis, bílastæða, að nægt rafmagn sé á staðnum og ekki síst aðkomu einstaklinga sem þekkja bæjarfélagið vel. Auk þess teljum við mikilvægt að tímasetning viðburðarins passi inn í þegar ákveðna og árlega viðburði sem haldnir eru á staðnum. Þar sem þetta er sólarhringsviðburður er ákjósanlegt að hann sé haldinn frá 12 á hádegi á laugardegi til hádegis á sunnudegi. Vegna ljósastundar í viðburðinum er mikilvægt að komið sé myrkur um 22:00 svo við horfum helst til tímasetningar í lok ágúst '23 eða byrjun september '23.

Vegna ofangreindra þarfa og til þess að vel að öllu sé staðið frá upphafi óskum við eftir samstarfi við Múlaping við undirbúning og framkvæmd viðburðarins.

Með góðri kveðju og von um jákvæð  
viðbrögð

Halla Þorvaldsdóttir

framkv.stjóri Krabbameinsfélags Íslands